

**Nr. 18-196 S 137 Bjargey ÍS 41*****Leki í vélarúmi og dregin í land***

*Skipaskr.nr.*: 2019  
*Útgerð*: Hábrún ehf.  
*Smíðaður*: Seyðisfjörður 1990, stál  
*Stærð*: 23,40 bt. 14,45 brl.  
*Mesta lengd*: 14,84 m *Skráð lengd*: 14,46 m  
*Breidd*: 3,61 m *Dýpt*: 1,90 m  
*Vél*: Caterpillar, 175 kw, 1989.  
*Fjöldi skipverja*: 2



Bjargey © Grétar Þor Sæþórsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 29. október 2018 var Bjargey ÍS 41 á siglingu í Skutulsfirði. Veður: SSV 1 - 2 m/s.

Á siglingunni fór að leka inn í vélarúmið og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson fór á staðinn með dælur og tókst að dæla úr rýminu en aðalvél fór ekki í gang. Bjargey ÍS var því dregin til hafnar á Ísafirði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að tæringargat kom á sjórör frá sjódælu upp á þilfar fyrir sjóspúlinn;
- að plastkubbur frá rörahaldara hafði komist upp í sogrörið og stíflað lensingu úr vélarúminu;
- að sjór komst í girinn sem var skolaður út;
- að eftir atvikið var tveimur rafdrifnum lensidælum bætt við í vélarúmið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.